

## GJALDSKRÁ

### fyrir hreinsun rotþróa á Fljótsdalshéraði.

#### 1. gr.

Fyrir hverja húseign innan marka Fljótsdalshéraðs með eigin fráveitu, eða fráveitu sem ekki er tengd holræsakerfi í eigu Fljótsdalshéraðs, skal greiða árlegt þjónustugjald, sbr. 5. gr. samþykktar um notkun og hreinsun, losun og frágang rotþróa á Fljótsdalshéraði.

Ef fleiri en ein húseign er tengd rotþró skal þjónustugjaldi deilt með jöfnum hætti á fasteignir, nema ef sýnt er fram á aðra eignar- eða notkunarskiptingu á þrónni.

#### 2. gr.

Þjónustugjald samkvæmt 5. gr. skal vera sem hér segir:

Stærð rotþróar í m <sup>3</sup>	Þjónustugjald
< 4,5 m <sup>3</sup>	7.750
4,5 – 6,5 m <sup>3</sup>	11.125

Tæmingargjald fyrir rotþró sem er 6,6 m<sup>3</sup> eða stærri er kr. 11.750 að viðbættum kr. 2.500 fyrir hvern byrjaðan rúmmetra umfram 6,6.

Ef fleiri en ein húseign nýtir rotþró og um er að ræða íbúðarhúsnæði eða sumarbústaði sérmetna í fasteignamati, skal aldrei innheimta hærra gjald skv. 1. mgr. en kr. 7.750 af hverri húseign.

Fjárhæð árgjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota lengri barka en 50 metra. Sé vegalengdin meiri er heimilt að krefja eiganda fráveitunnar um álag á þjónustugjaldið sem nemur 25%.

Ofangreind gjöld miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í desember 2004 og skal uppfæra þau einu sinni á ári eftir vísitölu byggingarkostnaðar í janúar hvert ár, í fyrsta sinn í janúar 2006.

#### 3. gr.

Gjalddagi og innheimta þjónustugjalds skv. 2. gr. fer fram með sama hætti og á sama tíma og álagning fasteignaskatts. Gjöld skv. gjaldskrá þessari er heimilt að innheimta með lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

#### 4. gr.

Gjaldskrá þessi er byggð á samþykkt um hreinsun, losun og frágang rotþróa á Fljótsdalshéraði, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og var samþykkt af umhverfis- og náttúruverndarnefnd Fljótsdalshéraðs þann 16. febrúar 2005, og staðfest af bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs 2. mars 2005, til að taka gildi við birtingu.

*Egilsstöðum, 3. mars 2005.*

**Anna Björk Hjaltadóttir**, umhverfisfulltrúi Fljótsdalshéraðs.